

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 15. febrúar 2007 í máli

nr. S-436/2006:

Ákærvaldið

(Guðjón Jól Björnsson fulltrúi)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. janúar sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, útgefinni 27. nóvember 2006, á hendur X, kt. 000000-0000, [...],

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 24. september 2006, á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni, Strandgötu 49, Akureyri, kastað kertastjaka úr gleri í átt að [A], kt. 000000-0000, þannig að hann lenti á enni hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð á miðju enni, um það bil 2 cm. langan.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Þorsteinn Hjaltason hdl., fyrir hönd [A], kt. 000000-0000, skaðabótakröfu á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 236.370,- auk dráttarvaxta frá 1. nóvember 2006 til greiðsludags.“

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara að ákærði verði sýknaður af henni en til þrautavara að hún verði lækkuð verulega. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum eru málavextir þeir að þann 26. september sl. leitaði brotþoli í máli þessu, [A], til lögreglu. Kvaðst hún vilja kæra líkamsárás sem hún hefði orðið fyrir aðfaranótt sunnudagsins 24. september 2006 á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni á Akureyri sem leitt hafi til þess að hún hlaut skurð á enni. Var henni ekki kunnugt um nafn árársmannsins en kvað [B] þekkja til hans. Þá hafi [C] einnig orðið vitni að atburðunum. Fékk lögregla í kjölfarið þær upplýsingar að sá sem hefði veitt brotþola umrædda áverka væri ákærði í máli þessu. Var einnig kannað hvort starfsfólk Vélsmiðjunnar hefði orðið vitni að árásinni en svo var ekki.

II.

Ákærði kveðst hafa verið á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni umrætt kvöld ásamt félagu sínum [D], sem hafi verið að rífast eitthvað við [B] barnsmóður sína. Ákærði kveðst hafa fengið sér sæti við borð og [B] farið að rífast eitthvað í honum. Vinkonur hennar hafi farið að toga í eyru hans og stríða honum og hafi sett umræddan kertastjaka ofan í björglasið hans. Ákærði kveðst hafa tekið kertastjakann upp úr glasinu og kastað honum eitthvað upp. Hann hafi ekki séð hvar hann lenti. Kveðst hann í kjölfarið hafa séð að vitnið [A] var með skurð á enni en hann viti ekki hvernig hún hlaut skurðinn. Kveðst ákærði svo hafa farið út þegar dyravörður staðarins hafi óskað eftir því. Aðspurður um hvort hann hafi kastað stjakanum í átt að konunum kveðst hann ekki vita hvert hann kastaði honum. Aðspurður kveður ákærði það ekki rétt að hann hafi verið með ofstopa eða leiðindi við konurnar. Hann kveður [D] hafa verið þarna nálægt en ekki hafa orðið vitni að umræddum atburðum. Ákærði kveðst ekki þekkja vitnið [A] og ekki hafa átt við hana samskipti nema að annað hvort hún eða önnur vinkona [B] hafi togað í eyru hans. Aðspurður um ummæli sín hjá lögreglu þess efnis að eitthvað hafi verið sett ofan í glasið hans kveðst hann hafa sagt að annað hvort öskubakki eða kertastjaki hafi verið settur í glas hans. Hann hafi tekið kertastjakann upp úr glasinu og kastað honum upp í loftið. Þá sé það rangt eftir honum haft í lögregluskýrslunni að hann hafi tekið kertastjakann af borðinu. Aðspurður kveðst ákærði hafa vitað að fólk væri nálægt honum þegar hann kastaði stjakanum.

Vitnið [A] kveðst hafa verið á Vélsmiðjunni umrætt kvöld. Kveðst hún hafi sest við borð við hliðina á [C]. [B] hafi setið á móti vitninu en ákærði á móti [C]. Ákærði hafi verið með leiðindi við [B] og [B] og [C] hafi augljóslega viljað losna við hann. Vitnið kveðst hafa beðið ákærða að fara og sagt eitthvað um „svona karla sem væru að gera sig stóra með því að gera lítið úr konum“. Vitnið kveðst hafa fært til kertastjaka til að sjá betur framan í hann. Þá hafi ákærði skutlað kertastjakanum yfir borðið þannig að hann lenti í andliti vitnisins. Vitnið kveðst hafa fengið sjokk við höggið og að sjá blóðið úr enni sér og kveðst vitnið muna atvik illa eftir það. Vitnið kveðst ekki hafa togað í eyru ákærða og ekki hafa komið við hann. Vitnið kveðst ekki hafa sett kertastjakann ofan í glas ákærða en [C] tali um að hún hafi sett stjakanum ofan á glas hans. Vitnið segir ákærða ekki hafa kastað stjakanum upp í loftið, hann hafi þeytt honum á borðið og hann kastast þaðan í andlit vitnisins. Hann hafi snúið sér að vitninu og kastað stjakanum í átt að því.

Vitnið kveður hafa sprungið fyrir á enninu og þurft hafi að sauma 2-3 spor svo hún beri ör eftir. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa þekkt [B] þegar þetta gerðist en þekkja hana aðeins nú. Vitnið þekki hins vegar [C]. Vitnið kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis þegar þetta gerðist.

Vitnið [B] kveðst hafa verið á Vélsmiðjunni umrætt kvöld ásamt vinkonu sinni [C] og [A]. Hún kveður ákærða hafa verið með leiðindi við sig. Hann hafi tekið upp kertastjaka af borðinu og svo hafi [A] verið alblóðug. Vitnið kveðst hafa setið á móti ákærða og kveðst telja að [A] hafi staðið við borðið. Vitnið kveðst ekki hafa verið með svívirðingar í garð ákærða, ekki togað í eyru hans eða komið við hann. Vitnið kveðst ekki hafa séð að neitt hafi verið sett ofan í glasið hans. Aðspurt kveðst vitnið hafa fundið til áfengisáhrifa en ekki verið mikið ölvuð.

Vitnið [C] kveðst hafa verið á Vélsmiðjunni ásamt vinkonum sínum. Hún og [A] hafi farið að dansa en þegar þær hafi komið aftur að borði sínu hafi þar setið maður með [B] og þau verið að kýta. Þær hafi beðið hann að fara þar sem hann hafi talað miður fallega til þeirra. Hann hafi ekki farið þrátt fyrir að þær bæðu hann ítrekað. [A] hafi tekið kertastjaka af borðinu og sett hann ofan á glas ákærða sem hafi þá tekið stjakann og hent honum frá sér í enni [A]. Vitnið segir [A] ekki hafa sett stjakann ofan í glas ákærða enda hafi stjakinn verið of stór til að komast þar. Vitnið segir stjakann hafa farið beint í andlit [A], ekki í borðið fyrst. Vitnið kveðst hafa setið við hlið [A] þegar þetta gerðist og á móti ákærða en [B] hafi setið við enda borðsins. Vitnið kveðst þekkja ákærða í sjón í dómssalnum en kveðst ekki hafa þekkt hann fyrir. Aðspurt kveðst vitnið hafa verið búíð að drekka bjór en muna atvik vel. Vitnið kveðst ekki vita til þess að klipið hafi verið í eyru ákærða eða hann áreittur með öðrum hætti. Aðspurt kveður vitnið ekki hafa litið út fyrir að ákærði hafi miðað á andlit [A] heldur hafi hann frekar virst kasta stjakanum frá sér í reiði.

III.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa kastað umræddum kertastjaka frá sér og hefur ekki dregið í efa að áverkar þeir sem lýst er í ákæru á enni [A] geti verið af sínum völdum. Sýknukrafa hans er hins vegar á því byggð að ekki hafi verið um ásetning að ræða. Hann kveðst hafa kastað stjakanum eitthvað frá sér en það hafi ekki verið ætlun sín að kasta honum í enni [A]. Um óviljaverk hafi verið að. Vitnið [A] bar hins vegar að ákærði hafi snúið að sér og kastað stjakanum í borðið átt að henni og þaðan hafi hann þeyttst í enni hennar. Vitnið [B] gat ekki lýst því hvernig ákærði kastaði stjakanum frá sér, sá hann aðeins taka hann af borðinu og svo í kjölfarið að það blæddi úr enni [A]. Vitnið [C] sagði sérstaklega aðspurð að sér hefði ekki virst sem ákærði hefði ætlað sér að kasta stjakanum í andlit [A] heldur fremur eins og hann hefði kastað honum eitthvað frá sér í reiði.

Að framangreindu virtu þykja ekki komin fram næg sönnun fyrir því að ákærði hafi haft ásetning til að kasta kertastjakanum í höfuð [A] eins og lýst er í ákæru, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður hann því sýknaður af þeirri háttsemi sem í ákæru er lýst með vísan til síðari málsliðar 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að fenginni ofangreindri niðurstöðu ber með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að vísa bótakröfu [A] frá dómi.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 110.000,- að virðisaukaskatti inniföldum.

Dóm þennan kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X skal sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Framkominni skaðabótakröfu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar hdl., kr.110.000- er virðisaukaskattur innifalinn.